




Reykjavík, 13. mars 2025
USK24100126

Vesturbrún 22 – Umsögn skipulagsfulltrúa vegna fyrirspurnar

Lögð fram fyrirspurn Práins Fannars Gunnarssonar, dags. 10. október 2024, um stækkan hússins á lóð nr. 22 við Vesturbrún sem felst í að bæta hæð ofan á bílskúrinn (þaksvalir). Einnig er lögð fram skissa á loftmynd.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Skissa á loftmynd, fylgigögn með fyrirspurn.



Götumynd, tekin af Já.is.

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðina þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin og byggingin á Vesturbrún 22 borgarhluta 4 Laugardalur og er hluti af íbúðarsvæði.

Deiliskipulag: Ekkert deiliskipulag er í gildi og skal grenndarkynna allar byggingarleyfisskyldar framkvæmdir. Þar sem ekki er í gildi deiliskipulag fyrir svæðið þarf að skoða erindið út frá byggðarmynstri, fagurfræðilegum áherslum og fordæmisgildi.

Umsögn

Húsið á lóð nr. 22 við Vesturbrún er einbýlishús byggt árið 1956. Á lóðinni er íbúðarhúsið sjálf, sem er 486.3 m², bílskúr sem er 25.9 m² og garðhús, byggt árið 2010 og er 15.4 m². Heildarflatarmál bygginga á lóðinni er 527.6 m².

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á að fá að byggja eina hæð og þaksvalir ofan á núverandi bílskúr og stækka þannig 1. hæð hússins um um það bil 30 m².

Stærð lóðarinnar er 967 m² og er nýtingarhlutfall lóðarinnar í dag ~0.55. Með því að bæta við 30 m² viðbyggingu eykst nýtingarhlutfallið og verður ~0.58.

EKKI er hefð fyrir því að byggja ofan á bílskúra í götunni og samræmist viðbygging ofan á skúr ekki byggðamynstri. Nýtingarhlutfall lóðarinnar yrði þar að auki of mikil samanborið við lóðir í kring.

Niðurstaða

- Neikvætt er tekið í erindið sbr. athugasemdir tilgreindar í umsögn.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Birgitta Rut Skúlad. Hjörvar

verkefnastjóri

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindið byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í sliku tilfelli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.